

5. fundur vetrarstarfsins var haldinn þriðjudaginn 9. janúar 2018 í fallegum og björtum húsakynnum Ingibjargar Jónasdóttur. Húsráðandi sagði að kliðurinn væri besti hljómurinn og bauð með þeim orðum félagskonur velkomnar og áréttaði jafnframt að nú væri komin hefð á bókafundinn í Stapaselinu og jafnframt janúartilhlökkun sem hún vildi að yrði árviss. Ingibjörg Einarsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún minntist Áslaugar Brynjólfssdóttur sem lést á gamlaársdag með nokkrum orðum. Áslaug gekk í Delta Kappa Gamma 1978 og var alla tíð mjög virk í samtökunum og gegndi mörgum trúnaðarstörfum. Hún var í stjórn Alfadeildar og einnig formaður, árið 2001 varð hún forseti landssambandsins og í því embætti undirbjó hún ásamt öðrum konum Evrópuþingið sem haldið var á Íslandi árið 2003. Áslaug fékk viðurkenningu á 40 ára afmæli landssambandsins sl. vor á Akureyri. Hún var fræðslustjóri í Reykjavík en fram að því stundaði hún kennslu og skólastjórn til margra ára.

María Pálmadóttir tók manntal og voru 29 konur deildarinnar mættar:

Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Bryndís Jóna Jónsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar Guðmundstóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Jónsdóttir (sagnfræðingur), Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Renata Emilsson Peskova, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir

Edda las fundargerð frá jólafundinum og Ingibjörg formaður kynnti næsta dagskrárlið sem var bókmenntaumuræða. Tölvustýrt val hafði séð um að afhenda félagskonum bókatitil á jólafundinum og gafst því tími til að kynna sér bókina eða bækurnar tvær sem voru til umræðu. Þær voru *Elín, ýmislegt* eftir Kristínu Eiríksdóttur og *Undirferli* eftir Oddnýju Ævarsdóttur. Í hópnum Elín, ýmislegt var góð mæting og var honum skipt í tvennt. Þannig voru þrír hópar sem fóru af stað og áttu áhugaverða umræðu. Skoðanir voru skiptar en niðurstöður í stuttu máli að *Undirferli* var vel tekið af flestum en fáeinir ekki vissar um að hafa lokið henni nema fyrir þessa umræðu. Margar voru á því að Elín, ýmislegt þyrfti annan lestur til að glöggva sig betur á tengslum persóna sögunnar og sagan athyglisverð. Í báðum verkunum eru samskipti og upplifun sterkur þráður, hugtök eins og ofríki og ofbeldi nefnd en báðar sögurnar innihalda fjölbreytt

hugtök mannlegra eiginleika, hvernig þeir móta einstaklinginn og hafa áhrif á samskipti við menn og málefni sem og náttúruna.

Bryndís Jóna, Fríða Bjarney, Helga Thorlacius, Margrét og Renata buðust til að koma með veitingar, sem og Ingibjargir tvær, formaður og gestgjafi kvöldsins. Á meðan veitingum voru gerð góð skil mátti heyra að ennþá var verið að ræða bækurnar tvær sem og aðrar bækur.

Helga Halldórsdóttir sagði frá vorþinginu sem haldið verður á Egilsstöðum helgina 4.-6. maí og ber yfirskriftina *sköpun, gróska, gleði*. Félagskonur voru hvattar til þess að huga að þátttöku og ferðamáta, t.a.m. með flugi og flugfargjöld hagstæð núna.

Ingibjörg Jónasdóttir gerði stuttlega grein fyrir störfum nefndarkvenna í Golden Gift nefndinni en hún var einmitt á leið til Austin í Texas daginn eftir og hafði í farteskinu yfirlesnar umsóknir sem átti að ræða.

Áður en Ingibjörg sleit fundi og slökkti á kertunum þremur þá flutti talkór félagskvenna kvæðið *Halla* eftir Stein Steinarr og stjórnaði formaður af kunnáttu. Og þar með var haldið út í náttmyrkrið á köldu janúarkvöldi.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir